

Bekkur: 7

Námsgrein: Tónmennt

Kennarar : Guðmundur Hermannsson

Tímafjöldi: 1 stund

Menntagildi námsgreinar:

Tónlist er snar þáttur í lífi og starfi manna hvar sem er í heiminum. Hún er leið til tjáskipta, oft án orða, sem einstaklingar fara til að tjá tilfinningar sínar, skoðanir og gildi. Tónlistin er nátengd daglegu lífi og fólk leitar á náðir hennar við flest þau tækifæri í lífi sínu sem það vill varðveita.

Í tónlistariðkun felst hlustun, sköpun og flutningur. Hún er ferli þar sem einstaklingar skapa merkingu með því að bregðast við og vinna úr tónum, hljóðum og þögn – með sjálfum sér eða í samstarfi. Tónlistariðkun krefst líkamlegrar samhæfingar, greinandi hugsunar og tilfinningatengsla. Þá hefur tónlistariðkun sterka félagslega tilvísun enda verið notuð í gegnum tíðina sem afl til sameiningar eða aðgreiningar meðal fólks.

Tónlist getur verið hluti skilgreindrar menningar eða sjálf skilgreinandi hluti menningar. Í síðara tilvikinu ræður ákveðin tónlistarstefna klæðaburði, framkomu og fleiru, sem myndar menningarheild. Tónlistarmenning vísar þannig til hvernig við tengjumst, notum, fremjum, semjum, og hugsum um tónlist.

Tónlistarkennsla í grunnskóla á að efla næmi nemenda og þekkingu á frumþáttum tónlistar – tónhæð, tónlengd, blæ, styrk, hljómun, túlkun og formi – til þess að þeir geti myndað sér skoðun á ólíkum stíl tónlistar, geti gert sér grein fyrir gildi hennar í eigin menningu og lífi og notið hennar á uppbyggilegan, markvissan og persónulegan hátt.

Í ljósi þessa margbrotna eðlis tónlistarinnar er mikilvægt að tónlistin sé tengd öllu skólastarfi óháð námsgreinum. Þannig kynnast nemendur fjölbreyttri tónlist og tengingu hennar við líf og starf með ólíkri og lifandi nálgun.

Hæfniviðmið	Kennsluhættir
#Menningarlæsi#	Hlustun, og umræður. Kennari fylgist vel með því sem er að gerast á menningarsviðinu á landinu, sérstaklega tónlist og jafnvel leiklist . Farið í ýmsar dægurstefnur í tónlist á seinni hluta 20. aldarinnar bæði hér og heima. Horft á myndir um ævi tónlistarmanna og rætt um þeirra feril og áhrif. Tónmenntavefurinn.
Rætt um tónlist, tónskáld, form, flytjendur,stjórnendur, tímabil	Hlustun og umræður um það sem hlustað er á. Oft spilaðar mismunandi útgáfur af sama verki og útskýrt hvað er öðruvísi og af hverju það er öðruvísi. Farið yfir ásakanir um lagastuld á ýmsum lögum og lög borin saman.
Námsmat:	
Námsefni: Efni af internetinu auk ótal annars efnis úr smiðju kennara, Tónmenntavefurinn	